

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 163/2015****2016/EES/69/34****frá 11. júní 2015****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/445 frá 17. mars 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði liðar 66ne (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í fyrsta undirlið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2012):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32015 R 0445**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/445 frá 17. mars 2015 (Stjtið. ESB L 74, 18.3.2015, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við:  
„– **32015 R 0445**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/445 frá 17. mars 2015 (Stjtið. ESB L 74, 18.3.2015, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/445, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 74, 18.3.2015, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.